

Fræðsla til almennings og skráðra aðila vegna vinnslu persónuupplýsinga hjá Svalbarðsstrandarhreppi

Fræðsla þessi er með vísan til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, sem við kemur rétti einstaklinga gagnvart Hörgársveit.

Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa

Rafrænar fyrirspurnir skulu berast í gegnum beiðnaform á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps, <http://www.svalbardsstrond.is>. Skriflegar fyrirspurnir skulu berast á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps, 601 Akureyri, stílaðar á persónuverndarfulltrúa þess.

Réttur til staðfestingar og aðgangs að upplýsingum

Einstaklingur hefur rétt á því að fá staðfestingu frá Svalbarðsstrandarhreppi hvort verið sé að vinna persónuupplýsingar er varða hann sjálfan og ef svo er, rétt til aðgangs að persónuupplýsingunum og upplýsingum um eftirfarandi atriði:

- tilgang vinnslunnar
- viðkomandi flokka persónuupplýsinga
- viðtakendur eða flokka viðtakenda sem fengið hafa eða munu fá persónuupplýsingar í hendur
- hversu lengi fyrirhugað er að varðveita persónuupplýsingar
- að fyrir liggja réttur til að fara fram á það við Svalbarðsstrandarhrepp að láta leiðrétta persónuupplýsingar, eyða þeim, takmarka vinnslu eða andmæla vinnslu
- réttinn til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi, Persónuvernd
- ef persónuupplýsinga er ekki aflað hjá hinum skráða, allar fyrirbyggjandi upplýsingar um uppruna þeirra
- hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanatoka, þ.m.t. gerð persónusniðs

Upplýsingar sem veittar eru skulu vera án endurgjalds. Hafi beiðni í för með sér ljósritun/prentun í miklu magni eða sé beiðni frá einstaklingi augljóslega tilefnislaus eða óhófleg, einkum vegna endurtekningar, er sveitarfélaginu heimilt að innheimta sanngjarnt gjald með tilliti til kostnaðar við upplýsingagjöfina eða að neita að verða við beiðninni.

Réttur skráðs aðila

Sé unnið með persónuupplýsingar einstaklings hjá Svalbarðsstrandarhreppi, telst hann skráður aðili. Skráður aðili hefur eftirfarandi rétt:

Réttur skráðs aðila til leiðréttingar

Skráður aðili á rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar er varða hann sjálfan leiðrétta og láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar. Slíkt er gert með því að leggja fram yfirlýsingu til viðbótar upprunalegu upplýsingunum.

Réttur skráðs aðila til eyðingar („rétturinn til að gleymast“)

Réttur til eyðingar á gögnum gildir ekki um vinnslu sem varðar verkefni sem byggð eru á lögbundnum skylduverkefnum sveitarfélagsins, þar sem vinnsla persónuupplýsinga er talin nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á sveitarfélaginu, svo það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart einstaklingi í þeim tilgangi að hann geti nýtt sér félagslega vernd og önnur lögbundin réttindi. Einnig er rétt að taka fram að afhendingarskylda hvílir á Svalbarðsstrandarhreppi og því eru gögn afhent Héraðsskjalasafni til varðveislu ef engin hreyfing hefur verið á máli einstaklinga í 30 ár. Þó skulu skjöl og önnur gögn á rafrænu formi afhent að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri.

Réttur skráðs aðila til að krefjast takmörkunar á vinnslu persónuupplýsinga

Í ákveðnum tilvikum er hægt að krefjast þess að Svalbarðsstrandarhreppur takmarki vinnslu á persónuupplýsingum. Þetta getur átt við ef skráður aðili véfengir að persónuupplýsingar séu réttar, en þá þarf að fá staðfestingu á umræddum upplýsingum, eða ef vinnslan er umfram lagaheimildir og skráður aðili fer fram á takmarkaða notkun þeirra. Þegar vinnslan hefur verið takmörkuð skal einungis vinna slíkar persónuupplýsingar, að varðveislu undanskilinni, með samþykki skráðs aðila. Svalbarðsstrandarhreppur skal tilkynna skráðum einstaklingi sem fengið hefur fram takmörkun á vinnslu um það áður en takmörkuninni á vinnslunni er aflétt.

Réttur skráðs aðila til að andmæla vinnslu

Eigi skráður aðili rétt til að andmæla vinnslu persónuupplýsinga er varða hann sjálfan skal ekki vinna persónuupplýsingar frekar nema að sýna fram á mikilvægar lögmætar ástæður fyrir vinnslunni sem ganga framár hagsmunum, réttindum og frelsi hins skráða. Sama gæti átt við ef þarf að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfu.

Réttur skráðs aðila til að flytja eigin gögn

Sé réttur til að flytja eigin gögn fyrir hendi, skal afhenda skráðum aðila persónuupplýsingar er varða hann sjálfan, á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði til að senda til annars ábyrgðaraðila.

Réttur skráðs aðila til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

Sérhver einstaklingur skal, án þess að það hafi áhrif á önnur stjórnsýslu- eða réttarúræði, hafa rétt til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi. Persónuvernd skal upplýsa kvartanda um framvindu og niðurstöður kvörtunar, m.a. möguleikann á að höfða mál fyrir dómstóli vegna lagalega bindandi ákvörðunar Persónuverndar sem hann varðar.